Innri endurskoðun og ráðgjöf

Reykjavík, 1. mars 2023
IER 23030004

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar
B.t. Lárusar Finnbogasonar, formanns
Guðrúnartún 1
105 Reykjavík

Staðgengill innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar

Í 1. gr. samþykktar fyri Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar og innri endurskoðanda kemur fram að innri endurskoðandi fari með stjórn skrifstofunnar og ákveði verkefnaskiptingu, skipurit og skipulag. Jafnframt að hann ráði starfsmenn skrifstofunnar og velji einn þeirra sem staðgengil sinn. Val á staðgengli skal staðfest af endurskoðunarnefnd.

Á skrifstofu Innri endurskoðunar og ráðgjafar starfa þrír fagstjórar; fagstjóri ráðgjafar, fagstjóri persónuverndar og fagstjóri innri endurskoðunar. Allir búa þeir yfi góðri færni og þekkingu á málefnum skrifstofunnar og framúrskarandi hæfni á sínu sviði. Ingunn Ólafsdótti hefur þá reynslu að stýra innri endurskoðunardeild til sex ára auk fyrr reynslu af innri endurskoðunarstörfum og úttektarvinnu hjá Deloitte og Ríkisendurskoðun. Í þessu ljósi þar sem bein ábyrgð og aðkoma yfirmann innri endurskoðunar að verkefnum á fagsviði innri endurskoðunar er rík hef ég óskað eftir því við Ingunni Ólafsdóttur, fagstjóra innri endurskoðunar, að hún gegni starfi staðgengils. Hún hefur fallist á þá ósk.

Að jafnaði er starfsmanni ekki falið að gegna starfi innri endurskoðanda nema þegar fjarvera hans varir lengur en fimm daga samfellt. Um starf staðgengils fer eftir ákvæðum kjarasamnings viðkomandi.

Í samræmi við framangreint er óskað eftir staðfestingu endurskoðunarnefndar á vali á staðgengli innri endurskoðanda.

Virðingarfyllst

Hallur Símonarson

innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Innri endurskoðun og ráðgjöf
Guðrúnartúni 1 | 105 Reykjavík
innriendurskodun.is
innriendurskodun@reykjavik.is